

## TILSKIPUN RÁÐSINS

frá 4. mars 1974

## um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi hámarkshraða ákveðinn með hönnun og burðarpalla landbúnaðardráttarvéla á hjólum

(74/152/EBE)

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 100. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins <sup>(1)</sup>,með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar <sup>(2)</sup>,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Meðal tæknilegra krafna sem dráttarvélar verða að uppfylla samkvæmt landslögum eru ákvæði er varða hámarkshraða sem ákveðinn er með hönnun og burðarpalla.

Þessar kröfur eru mismunandi frá einu aðildarríki til annars. Því er nauðsynlegt að öll aðildarríki samþykki sömu kröfurnar, annaðhvort til viðbótar eða í stað gildandi reglna, einkum til þess að EBE-gerðarviðurkenningin, sem var viðfangsefni tilskipunar ráðsins frá 4. mars 1974 <sup>(3)</sup> um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi gerðarviðurkenningu á landbúnaðardráttarvélum á hjólum, geti átt við allar gerðir dráttarvéla.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

1. Með „landbúnaðardráttarvél“ er átt við vélknúð ökutæki á hjólum eða beltum, sem hefur að minnsta kosti tvo ása og er notagildi þess aðallega fólgið í dráttaraflinu þar

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. 28, 17. 2. 1967, bls. 462/67.<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. 42, 7. 3. 1967, bls. 620/67.<sup>(3)</sup> Stjtið EB nr. L 84, 28. 3. 1974, bls. 10.

sem það er sérstaklega hannað til þess að draga, ýta, flytja eða knýja ákveðnar vélar, verkfæri eða eftirvagna til notkunar í landbúnaði. Það getur verið útbúið fyrir farm- og fólksflutninga.

2. Tilskipun þessi gildir eingöngu um dráttarvélar sem skilgreindar eru í 1. málsgrein og hafa loftfyllta hjólbarða, tvo ása og eru hannaðar fyrir hámarkshraða á bilinu 6 til 25 km/klst.

2. gr.

Aðildarríkjum er óheimilt að neita að veita EBE-gerðarviðurkenningu eða innlenda gerðarviðurkenningu fyrir dráttarvél af ástæðum sem varða hámarkshraða sem ákveðinn er með hönnun eða burðarpalla ef þeim kröfum sem nefndar eru í viðaukanum er fullnægt.

3. gr.

Aðildarríkjum er óheimilt að banna sölu dráttarvéla eða að þær séu skráðar, teknar í notkun eða notaðar, af ástæðum sem tengjast hámarkshraða sem ákveðinn er með hönnun eða burðarpöllum ef þeim kröfum sem nefndar eru í viðaukanum er fullnægt.

4. gr.

1. Aðildarríkjum er óheimilt að banna tengingu burðarpalla eða krefjast þess að dráttarvélar séu með einn eða fleiri slíka palla.

2. Aðildarríkjum er óheimilt að banna vöruflutninga sem leyfðir eru á eftirvögnum til notkunar í landbúnaði á slíkum pöllum. Leyfilegur hámarkspungi er a.m.k. 80% af þyngd dráttarvélar sem er tilbúin til aksturs, en þó innan þeirra marka sem framleiðandinn setur.

5. gr.

Allar breytingar sem nauðsynlegar eru til þess að laga kröfur viðaukans að tækniframförum skal samþykkja samkvæmt þeirri málsmeðferð sem mælt er fyrir um í 13. gr. tilskipunar

ráðsins um gerðarviðurkenningu á landbúnaðardráttarvélum á hjólum.

*6. gr.*

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg ákvæði til að fara að tilskipun þessari innan átján mánaða frá birtingu hennar og tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.
2. Aðildarríkin skulu tryggja að framkvæmdastjórninni berist helstu ákvæði úr landslögum sem samþykkt verða um málefni sem tilskipun þessi nær til.

*7. gr.*

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 4. mars 1974.

*Fyrir hönd ráðsins,*

W. SCHEEL

*forseti.*

## VIDAUKI

**1. HÁMARKSHRAÐI SEM ÁKVEÐINN ER MEÐ HÖNNUN**

- 1.1. Við gerðarviðurkenningarprófun skal meðalhraði mældur á beinni braut sem dráttarvélinni er ekið eftir í báðar áttir með fljúgandi starti. Brautin skal vera á bundnum jarðvegi; hún skal vera flöt og a.m.k. 100 metrar á lengd; halli má vera á brautinni, þó ekki meiri en 1,5%.
- 1.2. Við prófunina á dráttarvélina að vera óhlaðin og tilbúin til aksturs, án þyngdarklossa eða sérstaks búnaðar, og þrýstingur í dekkjum á að vera sá sami og í akstri á vegum.
- 1.3. Við prófunina á dráttarvélina að vera með nýja hjólbarða með hámarksútmál sem tilgreint er af framleiðanda.
- 1.4. Í prófuninni skal nota þann gir sem leyfir mestan hraða við fulla eldsneytisgjöf.
- 1.5. Með tilliti til þess að ýmsar óhjákvæmilegar skekkjur geta orðið, einkum vegna mæliaðferða og aukningar á snúningshraða hreyfils vegna hlutaálags, leyfist við gerðarviðurkenningarprófun að mældur hraði fari 10% fram yfir 25 km/klst.
- 1.6. Til þess að yfirvöld sem hafa umsjón með gerðarviðurkenningu á dráttarvélum geti reiknað út fræðilegan hámarkshraða þeirra skal framleiðandi tilgreina til viðmiðunar girhlutfall, raunverulega hreyfingu drífhjóla fram á við er samsvarar einum heilum snúningi, og snúningsfjölda hreyfilsins á mínútu miðað við hámarks-afköst við fulla eldsneytisgjöf og með hraðagangráðinn, ef hann fyrirfinnst, stilltan samkvæmt fyrirmælum framleiðanda.

**2. BURÐARPALLAR**

- 2.1. Þungamiðja burðarpallsins á að liggja milli ásanna.
- 2.2. Um stærð burðarpalla gildir að:
  - lengdin sé ekki meiri en 1,4 sinnum lengd stærri sporviddar dráttarvélarinnar, hvort sem það er á fram- eða afturhjólum;
  - breiddin sé ekki meiri en hámarksbreidd dráttarvélarinnar án alls búnaðar.
- 2.3. Burðarpallinum skal komið þannig fyrir að hann sé samhverfur lengdarmiðjuhlani dráttarvélarinnar.
- 2.4. Hæð burðarpallsins má ekki vera meiri en 150 cm frá jörðu.
- 2.5. Burðarpallurinn skal gerður og komið fyrir á þann hátt að með venjulegan farm hindri hann ekki útsýni ökumanns né að ýmis lögboðinn ljósa- og ljósmerkjabúnaður gegni hlutverki sínu sem skyldi.
- 2.6. Burðarpallinn á að vera hægt að losa og taka af. Hann á að tengja við dráttarvélinu þannig að hann geti ekki losnað fyrir slysi.